

LISTIR

Fjölþætt menningarmiðstöð

Kjarvalsstaðir halda upp á þrjátíu ára starfsemi hússins með sýningunni Myndlistarhúsið á Miklatúni, auk þess sem sýningin Ferðafuða verður opnuð í húsinu um helgina. **Súsanna Svavarsdóttir** ræddi við Eirík Þorláksson, forstöðumann Listasafns Reykjavíkur, um sýninguna og helstu breytingarnar sem orðið hafa á starfsemi Kjarvalsstaða á þremur áratugum.

MYNDLISTARHÚSIÐ á Miklatúni og Ferðafuða eru heitin á tveimur sýningum sem opnaðar verða á Kjarvalsstöðum í dag. Ferðafuða er farandsýning sem hófst í Slunkaríki á Ísafirði 2001, var síðan í Ketilhúsinu á Akureyri ári seinna, fór þaðan til Hornafjarðar og síðan til Vestmannaeyja.

„Ferðafuðan hefur verið að vaxa allan þennan tíma,“ segir Eirík Þorláksson, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur, „og það eru 160 listamenn sem taka þátt í henni hér á Kjarvalsstöðum.“


Hvers konar sýning er Ferðafuða?
„Þetta eru míniatúrar og öllum þátttakendum voru sett þau mörk að verkin ættu að vera 15x15 cm.“

Sýningin er í miðrými Kjarvalsstaða og er óhætt að segja að hún sé fjölbreytt. Á henni eru málverk, skulptúrar úr málm og leir, kert og ótalmargt annað. En hvað er Ferðafuða?

„Þetta er einhvers konar hringur eða sylgja – og það er örugglega hægt að eyða drjúgum tíma fyrir framan vegginn þar sem verkunum hefur verið komið fyrir.“

Síðan er það sýningin Myndlistarhúsið á Miklatúni – Kjarvalsstaðir í þrjátíu ár. Um hvað fjallar sú sýning?

„Kjarvalsstaðir voru vígðir formlega 1973, þótt að vísu hefði stór norræn samsýning verið sett þar upp ári áður. Okkur langaði til þess að minnst þessara tímamóta öðruvísi en með ræðuhöldum og hátíðleika. Því var það að hinn 23. mars síðastliðinn héldum við fjölskyldudag, þar sem boðið var upp á margt skemmtilegt, alls kyns leiki eins og listrænan



Verk á sýningunni Ferðafuða.

leitarleik. Þetta var mjög skemmtilegur dagur og aðsóknin mjög góð.

Á fimmta hundrað sýninga í húsinu

Síðan vildum við fagna tímamótunum með sýningu sem væri ekki hefðbundin listsýning, heldur stiklur úr sögu Kjarvalsstaða, því það er ekki fyrir en maður fer að líta yfir úrklippusafnið sem maður gerir sér grein fyrir því hvað þetta hefur verið gífurlega mikið starf. Hér hafa verið vel á fimmta hundrað sýninga, auk fjölda annarra viðburða, svo sem leiksýninga, tónleika, danssýninga, borgarafunda, alþjóðlegra ráðstefna, kosninga – osfrv. Lengst af sínum tíma, og vonandi enn í dag, má líta á Kjarvalsstaði sem fjölþætta



Myndlistarhúsið á Miklatúni. Kjarvalsstaðir voru vígðir formlega árið 1973.

menningarmiðstöð en ekki bara listasafn.“

Hefur starfsemin tekið afgerandi breytingum í gegnum tíðina?

„Já. Fyrstu tvo áratugin má segja að Kjarvalsstaðir hafi fremur verið reknir sem sýningarhús en safn og því fylgdu kostir og gallar, því þá gátu listamenn fengið húsið leigt til að sýna. Sum árin voru allt að þrjátíu sýningar í húsinu. Á sama tíma gat það gerst að hingað komu innlendir gestir og erlendir sem gátu aldrei séð Kjarvalsmynd. Þótt hér væru ein til tvær Kjarvalssýningar á ári, þá hittist einfaldlega svona á tíma.“

Það má segja að tvær stórar breytingar hafi orðið á starfseminni sem gerðu Kjarvalsstaði að safni fremur en sýningarhúsi eingöngu. Fyrri breytingin átti sér stað 1992 þegar menningarmálanefnd Reykjavíkur ákvað að hætta að leigja húsið út og að allar sýningar yrðu á ábyrgð húsráðanda. Eftir það hefur sýningum fækkað og – vonandi – orðið vandadri og viðameiri hver fyrir sig.

Alltaf hægt að ganga að verkum Kjarvals

Seinni breyting var svo árið 2000 þegar sett var upp föst sýning á verkum Kjarvals í austursal hússins. Þó að sú sýning hafi þróað nokkuð síðan, þá geta gestir nú alltaf gengið að verkum Kjarvals hér á Kjarvalsstöðum, rétt eins og hægt er að ganga að verkum annarra meistara í stórum söfnum erlendis.

Það er þessi saga sem verið er að sýna og með því að leggja fram úrklippusafn hússins geta gestir flett í gegnum deilur og aðra atburði í sögu safnsins. Það er líka gleðilegt að á þessum tímamótum erum við að opna lítinn sal

á Kjarvalsstöðum þar sem áður var skrifstofa forstöðumanns. Þar er núna sýningaröðin List án landamæra, sem er sýning á verkum eftir fatlaða listamenn og er haldin í tilefni af Evrópuári málefna fatlaðra. Það er því stöðugt verið að þróa starfið áfram. Á næsta ári vonumst við svo til að fyrirlestra- og fundasalur hússins verði kominn í gagnid sem slíkur.

Núna eru Kjarvalsstaðir orðnir hluti af stærri heild, Listasafni Reykjavíkur, þar sem fara saman Hafnarhúsið, Kjarvalsstaðir og Ásmundarsafn, auk útilistaverka borgarinnar. Það er mikill styrkur að geta unnið sameiginlega að skipulagi og rekstri þessara listastofnana, til dæmi valið rými fyrir sýningar eftir því hvað hentar hverju sinni, í stað þess að vera bundinn við ákveðinn sal.“

Upprifjun og kynning

Hvað verður fleira á sýningunni en úrklippusafnið?

„Við leggjum fram allar sýningarskrár og bæklinga og þar getur fólk séð hvað hefur verið mikið gefið út. Við verðum einnig með viðtöl á myndböndum við þá forstöðumenn sem hér hafa verið í gegnum tíðina, þar sem þeir segja álit sitt á þróun Kjarvalsstaða.“

Ég fékk Aðalstein Ingólfsson til að vinna sýninguna með okkur. Það hefur verið mjög gjöfult samstarf, því hann hefur fylgst með starfsemi hússins frá upphafi. Síðan skrifar Bragi Ásgeirsson grein í sýningarskrá.

Við vonum að sýningin verði upprifjun á sögunni fyrir þá sem hafa fylgst með henni frá upphafi og kynning fyrir þá sem ekki þekkja hana en geta hér á einum stað kynnt sér sögu og þróun safnsins síðastliðin þrjátíu ár.“

Nafnlausir vegir til þriggja landa

RÉTTINDASTOFA Eddu hefur gengið frá samningum um sölu á skáldsögunni Nafnlausir vegir eftir Einar Má Guðmundsson til Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur. Mál og menning gaf bókina út árið 2002 og er þar haldið áfram að rekja sögu litríkrar fjölskyldu sem lesendur þekkja úr bókunum Fótspor á himnum og Draumar á jörðu.

Hernám og kjarabaráttá

Útgáfuréttur á fyrri bókunum í þessum flokki hefur áður verið seldur til sjö landa og Englar alheimsins, sem Einar Már hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir, hafa ratað til tutt-



Einar Már Guðmundsson

ugu landa. Sögusvið bókarrinnar er Ísland á áratugum hernáms og kjarabaráttu. Úr hinum stóra systkinahöpi eru þeir fyrirferðarmestir; Ívar, náttúrulækningafrömuður, sem augdast og verður sjálfstæð lánastofnun, og svo baráttumaðurinn Ragnar, kommúnisti og Spánarfari.

Sem fyrr fléttar Einar Már saman sögu einstaklinga og samfélags.

Falleg og hlý rödd

TÓNLIST

Gerðuberg

EINSÖNGSTÓNLEIKAR

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran og Inese Klotiña pianóleikari. Einsöngslög eftir Jón Ásgeirsson, Jón Laxdal, Emil Thoroddsen, Hugo Wolf, Alban Berg og Edvard Grieg. Sunnudaginn 19. október kl. 17.

GUÐRÚN Jóhanna Ólafsdóttir er ung og efnileg söngkona sem nýlengi hefur námi við óperudeildina í Guildhall-skólanum í London og hélt sína debut-tónleika í Gerðubergi sl. sunnudag fyrir snéisafullum sal. Með henni var skólasystrir hennar frá London, Inese Klotiña pianóleikari. Guðrún helgaði tónleikana minningu Þorgerðar Sigurðardóttur myndlistarkonu sem yfirgaf þennan heim nýlega langt fyrir aldur fram.

Þær Guðrún og Inese fluttu fyrst þrjú íslensk lög, Hjá lygnri móðu eftir Jón Ásgeirsson við texta Halldórs Laxness, Brúðkaup úr kvæðaflokknum Helena in fagra, lag Jóns Laxdals við texta Guðmundar Guðmundssonar, og Vöggukvæðið úr Pilti og stúlku Jóns Thoroddsens, Litfríð og ljóshærð, við lag Emils Thoroddsens. Öll lög voru flutt af smekkvísi þar sem hin fallega og hlýja mezzósópranródd Guðrúnar naut sín vel við öruggan en hógværan meðleik Inese.

Næst komu þrjú lög úr Spænsku söngljóðabókinni sem Hugo Wolf samdi 1889–90. Ljóðin 44 voru öll úr Spænskri ljóðabók útg. 1852 í þýskri þýðingu Pauls Heyse og Emman-

uels von Geibel. In dem Schatten meiner Locken (Í skugga lokka minna) í þýskri þýðingu Heyse var mjög lifandi en pianó-ið kanski fullhógvært. Síðan Bedeckt mich mit Blumen (Hyljið mig með blómum) og Mögen alle bösen Zungen (Megi allar illar tungur) í þýskri þýðingu von Geibel sem voru vel flutt, sérlega það síðara þar sem þær fóru báðar á kostum.

Alban Berg var Vínarbrú líkt og Wolf en þó 25 árum yngri. Hann komst ungur í kynni við Arnold Schönberg, gerðist nemandi hans og einn af frumkvöðlum raðtónlistarinnar eða 12 tóna tækninnar. Eftir Berg söng Guðrún lögina Nacht (Nótt) og Die Nachtigall (Næturgallinn), bæði lögina gera miklar kröfur til flýtgjanda og tókst Guðrúnu vel upp í því fyrri en missti röddina aðeins úr fókusi í sterkum söng á háa sviðinu í því síðara, en veiki söngurinn var gullfallegur. Pianóleikurinn var góður í báðum lögum. Eftir hlé var komið að verki sem gjarnan mætti heyrast oftast, en það er lagaflokkurinn Haugtussa (Stúlkan á fjallinu). Grieg samdi tónlistina op. 67 samumarið 1895 við kvæðaflokk Arnes Garborg og er flokkurinn oft talinn eitt fremsta tónverk hans, ekki vegna tónsmíða-



Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir

tækni eða frumleika. Tæknilega séð er verkið mjög einföld tónsmíð í strófisku formi. Stíllinn er hreinn Grieg en þó er allt einfaldað og í einfaldleikanum nær tónlistin slíku sambandi við textann að ljóðskáldið sagði að með tónlistinni tækist Grieg að ná fram öllu því sem honum tókst ekki að tjá í orðum.

Flokkurinn er samansettur úr átta ljóðum sem fjalla um vonir, drauma, ást og vonbrigði ungrar stúlku sem býr á fjallinu eða í

selinu. Þessi tónlist féll vel að rödd Guðrúnar og sýndi að hún hefur yfir að ráða töluverðri fjölbreytni í radbeitingu og túlkun þar sem í sumum ljóðunum er mikil dramatík, í öðrum gáski og gleði og í enn öðrum sorg og vonbrigði sem Guðrún náði í öllum tilfellum að koma vel til skila.

Guðrún hefur mjög fallega og heilsteypa mezzósópranródd sem hún hefur þegar náð nokkuð góðu valdi á og beittir af smekkvísi og það sem á vantar kemur með auknum þroska og reynslu með árunum. Miðað við það sem hún sýndi hér væri gaman að sjá hana spreya sig á óperusviðinu. Inese Klotiña er fantagóður pianóleikari, var stundum fullhógvær en átti oft fantagóða spretti.

Jón Ólafur Sigurðsson



EIGNAMIDLUN

sími: 588 9090 * fax: 588 9095 * Síðumúla 21

eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is

Raðhús eða parhús í Kópavogi óskast

Vegna mikillar eftirspurnar auglýsum við eftir raðhúsi eða parhúsi í Kópavogi. Æskileg staðsetning: Lindir, Smári eða Salarhverfi.

Kjartan Hallgeirsson veitir nánari upplýsingar.